

Fundarstjóri

Ágætu félagar

Í stjórn Fræðslusjóð eru Hrefna María Hagbarðsdóttir starfsmaður Árborgar , Alma Sigurjónsdóttir starfsmaður Fjölbrautarskóla suðurlands og Sigurjón Pétur Guðmundsson stjórnarmaður FOSS sem er skipaður af stjórninni. Einnig starfar Raket Þórðardóttir starfsmaður félagsins með nefndinni.

Á sl starfsári voru 108 umsóknir sem fengu úthlutað úr sjóðnum en samtals voru greiddar rúmlega 13 milljónir króna úr sjóðnum.

Þessar umsóknir segja okkur að tæplega 8% félagsfólks hafi fengið greitt úr sjóðnum. Við vildum gjarnan sjá þetta hlutfall hækka. Jafnframt vitum við af öðrum möguleikum sem félagsfólki stendur til boða að nýta sér eins og Starfsmenn en þar eru öll námskeið ókeypis fyrir félagsfólk FOSS

Flestir útgreiddu styrkirnir eru vegna háskólanáms og styrki vegna ýmissa námskeiða. Að auki er félagsfólk sem er með íslensku sem annað tungumál duglegt að sækja um styrk fyrir íslenskunámi sínu.

Endurmenntun stjórnar og trúnaðarmanna FOSS heyrir einnig undir sjóðinn og höfum við nýtt árár í nokkur námskeið.

Nefndin fundar tvisvar á ári. Nám eða námskeið sem tengjast starfssviði félagfólks er greitt samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins án þess að fara fyrir fund. Aðrar umsóknir fara fyrir nefndina og eru greiddar tvisvar sinnum á ári, í júní og desember. Ekki er greitt úr sjóðnum í júlí og ágúst.

Styrkupp hæð og úthlutunarreglur sjóðsins eru endurskoðaðar einu sinni á ári.

Fyrir þá sem vilja kynna sér úthlutunarregluernar nánar má finn þær inn á heimasíðu félagsins.